

Þingflokkur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs lýsir furðu á þeim ásetningi umhverfisráðherra að ætla að fella úr gildi ný náttúruverndarlög, sem samþykkt voru sl. vor, móttatkvæðalaust.

Nýju náttúruverndarlögin voru stórt framfaraskref í þágu náttúruverndar á Íslandi. Mikil vinna og samráð lá að baki frumvarpi þáverandi umhverfisráðherra og í meðförum Alþingis tók málið margháttuðum breytingum, sem allar gengu í þá átt að mæta sjónarmiðum núverandi stjórnarflokka, enda greiddu þeir ekki atkvæði gegn lögnum.

Mikilvægustu breytingar sem lögin fólu í sér frá fyrri lögum varða m.a.:

- * aukinn almannarétt miðað við fyrri lög, sem núverandi ráðherra vill að taki gildi á nýjan leik.
- * raunhæfar aðgerðir gegn akstri utan vega, með nýjum kortagrunni um vegslóða þannig að öllum sé ljóst hvenær þeir eru utan vega og hvenær ekki
- * nýja flokkun friðlýstra svæða í samræmi við fjölbreytni íslenskrar náttúru og alþjóðlega flokkun verndarsvæða
- * sérstaka vernd náttúruminja, s.s. eldhrauna, hvera, fossa, votlendis og vatna, birkiskóga o.fl.
- * innleiðingu varúðarreglunnar sem er ein meginregla umhverfisréttarins

Með áformum um að fella úr gildi hin nýju lög, rýfur umhverfisráðherra þann frið og þá sátt sem náðist við afgreiðslu málsins í vor. Því verður vart öðru trúað en að aðrir stjórnarliðar reynist vandaðri að virðingu sinni en svo að áform ráðherrans nái fram að ganga.

Þingflokkur VG mun leggja sig fram um að standa vörð um hagsmuni íslenskrar náttúru og almannarétt, og þær málalyktir sem náttúruverndarlögin fengu í samstarfi við núverandi stjórnarflokka sl. vor.